

Ár 2017, fimmtudaginn 30. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstöðumanninum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 12. febrúar 2015 frá þáverandi forstöðumanni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Með bréfinu óskar forstöðumaðurinn eftir endurskoðun launakjara þannig að þau verði færð til samræmis við þá nýgerðan kjarasamning Læknafélags Íslands við ríkið en sá samningur hafi leitt til verulegra kjarabóta fyrir sérfræðilækna sem starfi hjá ríkisstofnunum. Fram kemur í bréfinu að forstöðumaður beri ábyrgð á faglegri starfsemi stofnunarinnar auk fjárhagslegrar ábyrgðar. Einnig hafi hann tekið virkan þátt í klínískri vinnu samhliða stjórnunarstörfum. Við stofnunina starfi ýmsar heilbrigðisstéttir, svo sem sérfræðilæknar, sálfræðingar, sjúkrabjálfarar, iðjubjálfar, þroskabjálfar, talmeinafræðingar, félagsráðgjafar og lækningarar.

Með bréfum dagsettum 9. febrúar 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneyti og velferðarráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 31. mars 2015. Í bréfinu kemur ekki fram efnisleg afstaða til erindisins.

Velferðarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 1. júlí 2015. Í því segir að í bréfi forstöðumannsins til kjararáðs komi meðal annars fram að hann beri ábyrgð á faglegri og fjárhagslegri starfsemi stofnunarinnar og hafi auk þess tekið þátt í klínískri vinnu samhliða stjórnunarstörfum. Segir jafnframt að ráðuneytið hafi ekki tök á því að meta vægi hinnar klínísku vinnu forstöðumannsins en telji mikilvægt að forstöðumaður Greiningarstöðvarinnar njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs, starfsálags og ábyrgðar sem störfunum fylgi.

Kjararáð sendi forstöðumanninum bréf dagsett 25. júní 2015 og óskaði eftir upplýsingum um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ásamt upplýsingum um hvort breytingar hefðu orðið á starfseminni frá því síðast var úrskurðað um launakjör forstöðumanns stofnunarinnar. Var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um hvort breytingar hefðu orðið á starfi forstöðumannsins og í hverju þær fælust. Með bréfi dagsettu 8. júlí 2015 fékk forstöðumaðurinn send áður nefnd bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstöðumannsins dagsettu 26. júlí 2015 er gerð grein fyrir starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ásamt þeim breytingum sem gerðar hefðu verið á lagaumhverfi stofnunarinnar. Fram kemur að frá upphafi hafi klínísk vinna og fagleg stjórnun og forysta verið veigamikill þáttur í starfi forstöðumannsins. Hann sé ábyrgur fyrir faglegri uppbyggingu

starfseminnar, móti stefnu um hvernig staðið skuli að greiningarvinnu, hvernig alþjóðlegt flokkunarkerfi sé notað og greiningarviðmið skilgreind. Ennfremur beri hann ábyrgð á samskiptum við aðrar stofnanir innanlands og utan og á hvern hátt samvinnu og hlutverki mismunandi stofnana sé háttáð. Í bréfum hans til kjararáðs dagsettum 15. ágúst og 22. desember 2016 er meðal annars horft til launa forstjóra Barnaverndarstofu til samanburðar. Báðar stofnanirnar séu landsstofnanir með víðtækar skyldur til þjónustu við börn og fjölskyldur, auk ráðgjafar og samvinnu við ráðuneyti og innlenda þjónustuaðila. Þá beri báðum stofnunum að annast fræðslu og stunda rannsóknir sem og að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Með bréfi dagsettu 30. júní 2016 var nýskipuðum forstöðumanni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins tilkynnt að kjararáð hefði haft launakjör forstöðumanns stofnunarinnar til skoðunar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við kjararáð. Í bréfi forstöðumannsins dagsettu 14. júlí 2016 segir að starfið feli í sér faglega og fjárhagslega ábyrgð eins og hjá öðrum forstöðumönnum ríkisins. Í bréfinu er tekið undir að mikilvægt sé að forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs, starfsálags og ábyrgðar sem störfunum fylgi. Þá segir í bréfinu að Greiningarstöðin þjóni fyrst og fremst þeim sem séu 18 ára og yngri á öllu landinu. Markmiðið með starfseminni sé að tryggja að börnum og unglingum með alvarlegar þroskaraskanir og fatlanir bjóðist greining, ráðgjöf og önnur úrræði sem miði að því að auka möguleika þeirra til sjálfstæðis á fullorðinsárum. Segir jafnframt í bréfinu að helstu fatlanir sem leiði til tilvísunar á Greiningarstöð séu þroskahömlun, einhverfurófsraskanir og hreyfihamlanir. Stofnunin veiti börnum með flóknar eða sjaldgæfar fatlanir eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma. Hún skuli hafa samráð við aðra aðila um þjónustu, kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana, til dæmis félagsþjónustu sveitarfélaga, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, heilbrigðisstofnanir, háskólastofnanir, landlækni, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðra. Tilvísanir undanfarinna ára hafi verið á bilinu 260 til 380 en stofnunin sinni um 200 til 300 börnum ár hvert. Fjöldi starfsmanna sé um 60 í 50 stöðugildum í tíu fagfélögum. Rekstrarumfang ársins 2016 sé um 580 milljónir króna og sértekjukrafa um 67 milljónir. Að endingu segir að starfsemi Greiningarstöðvarinnar sé flókin og umfangsmikil, auk þess sem notendur og samstarfsaðilar séu margir og dreifðir um allt land. Er þess óskað að laun forstöðumannsins taki mið af því.

III.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins starfar samkvæmt lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins nr. 83/2003. Markmið laganna er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar og tryggja viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði. Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem þjóni landinu öllu. Hlutverk stofnunarinnar er að annast greiningu barna og ungmenna með alvarlegar þroskaraskanir sem vísað er til athugunar að lokinni frumgreiningu. Stofnunin annast ráðgjöf og fræðslu til einstaklinga, foreldra eða annarra aðstandenda og þjónustuaðila um meðferð, þjálfun og önnur úrræði sem þörf er á. Stöðin skal annast tilvísanir til annars meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi njóti þar þeirrar þjónustu sem þörf er á hverju sinni. Hún annast langtímaeftirfylgd vegna þeirra einstaklinga sem búa við óvenjuflóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir og veitir faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila. Einnig skal stofnunin annast þróun, rannsóknir og kynningu á aðferðum og dreifa gögnum til greiningar á fötlunum og þroskaröskunum. Hlutverk stofnunarinnar er einnig að annast fræðilegar rannsóknir á sviði áunninna og meðfæddra fatlana og þroskaraskana og þátttöku í alþjóðastarfi, meðal annars á sviði fátíðra fatlana. Þá skal stofnunin einnig annast fræðslu á sviði fatlana og þroskaraskana og útgáfu fræðsluefnis.

Stofnunin þjónar fyrst og fremst þeim sem eru 18 ára og yngri. Hún skal hafa samráð við aðra aðila um þjónustu, kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana, til dæmis svæðisskrifstofur um málefni fatlaðs fólks, sveitarfélög sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlað fólk, félagsþjónustu sveitarfélaga, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, heilbrigðisstofnanir, háskólastofnanir, landlækni, stjórnarnefnd um málefni fatlaðs fólks, svæðisráð fatlaðs fólks og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Velferðarráðherra skipar forstöðumann Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fatlana og þroskaraskana. Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og er í fyrrisvari fyrir hana út á við. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningu annarra starfsmanna. Ráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

Stofnunin gerir árlega fjárlaga- og rekstrartillögur, sem og fjárhags- og framkvæmdaáætlun til fjögurra ára. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum hennar. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald, útgáfu fræðsluefnis og faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Forstöðumaðurinn hefur tekið laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar frá árinu 1998 og hafa þau tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og því hvernig starfsemi hennar hefur þróast. Með vísan til þessa og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber